

---

## Breyting á leiðigarði við Markarfljót, Rangárþingi eystra

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að megináhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum verði færsla óss Markarfljóts til austurs, en að hvorki sé líklegt að um verði að ræða neikvæð áhrif vegna landbrots upp með farvegi fljótsins eða að ósinn muni færast lengra í austur en ætlað er með tilkomu garðsins.

Breyting á leiðigarði við Markarfljót sé því ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð/háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings eystra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Þá er framkvæmdin einnig háð leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. mars 2014.

# Skipulagsstofnun

4. febrúar 2014

## INNGANGUR

Þann 3. janúar 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni-Siglingasviði um fyrirhugaðar breytingar á leiðigarði við Markarfljót í Rangárþingi eystra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings eystra, Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi eystra með bréfi dags. 30. janúar 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 27. janúar 2014, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 27. janúar 2014, Orkustofnun með bréfi dags. 13. janúar 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. janúar 2014. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubrési dags. 28. janúar 2014.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Sandburður við Landeyjahöfn.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fljótlega eftir opnun Landeyjahafnar sumarið 2010 hafi farið að bera á miklum sandburði við hafnarmynnið og hafi höfnin lokast snemma um haustið. Tvær megin ástæður þessa mikla sandburðar hafi annars vegar verið hlaupið í Markarfljóti í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli og hins vegar voru þrálátar austanáttir sem hafi flutt mikið af efni til vesturs í átt að höfninni. Þannig hafi mikið magn af sandi borist inn á svæðið sitt hvoru megin við höfnina. Haustið 2010 hafi verið farið að huga að því að færa ós Markarfljóts austar með nýjum leiðigörðum til að koma í veg fyrir að framburður fljótsins bætti enn efni við svæðið milli hafnarinnar og óssins. Ákveðið hafi verið að ósinn yrði færður rúmlega 400 m til austurs með byggingu 600 m langs leiðigarðs til suðausturs frá 2000 m löngum varnargarði, sem reistur hafi verið meðfram Markarfljóti að vestanverðu í tengslum við hafnarframkvæmdirnar og hafi náð til suðurs niður að ósi fljótsins. Nýr leiðigarður hafi verið byggður í ársbyrjun 2011 og verið hugsaður til bráðabirgða til tveggja ára og gert ráð fyrir að hann yrði fjarlægður að þeim tíma liðnum. Fram kemur að í mati á umhverfisáhrifum Landeyjahafnar, sem þá hafi verið kölluð Bakkafjörúhöfn, frá árinu 2008 hafi verið fjallað um fyrrnefndan 2000 m langa varnargarð og að Skipulagsstofnun hafi ekki talið að gerð nýja leiðigarðsins frá honum væri tilkynningaskyld framkvæmd þar sem áhrif þessarar viðbótar myndu ekki hafa í för með sér áhrif sem væru annars eðlis eða neikvæðari en gert hafði verið ráð fyrir og tekin afstaða til í áliti Skipulagsstofnunar um gerð Bakkafjörúhafnar og tengdra framkvæmda frá 26. júní 2008. Fram kemur að rannsóknir hafi leitt í ljós að enn sé töluvert magn efnis á svæðinu milli Landeyjahafnar og óss Markarfljóts sem rekja megi til flóðsins í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli. Af þeirri ástæðu sé ekki fyrirhugað að fjarlægja leiðigarðinn frá 2011 og sé nú talið nauðsynlegt að ráðast í frekari lengingu hans til austurs.

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði Markarfljóti fyrst veitt austar með byggingu bráðabirgðaleiðigarðs, sem ýtt verði upp úr efni í farvegi fljótsins, svipað og gert hafi verið við byggingu leiðigarða austan og vestan árinna. Að því búnu hefjist vinna við lengingu leiðigarðsins og sé um að ræða tæplega 6 m háan og 10 m breiðan garð með fláum 1:2 beggja vegna. Lengingin nemi um 250 m til austurs og muni ós Markarfljóts hliðrast um 300 m í þá átt með þessum aðgerðum. Alls sé gert ráð fyrir að efnispörf vegna byggingu garðsins verði um 33.000 m<sup>3</sup> og sé annars vegar um að ræða fyllingarefni sem verði tekið úr fjörunni innan við fjörukambinn, að einhverju leyti úr farvegi Markarfljóts og hins vegar aðflutt, sprengt efni sem verði að hluta til tekið úr enda upphaflega leiðigarðsins og að hluta til af lager við Landeyjahöfn.

**Umhverfisáhrif.** Fram kemur að samkvæmt hæðarmælingum austan við neðsta hluta Markarfljóts sé landhæð niður við ós við fjörukamb milli 5-5,5 m og innan hans milli 4,5 til rúmlega 5 m. Rennslishæð fljótsins, sem sé um 3 m og séu því litlar líkur á að fljótið flæmist austur um niður við ósinn en meiri hætta ofar í farveginum þar sem landhæð sé heldur lægri. Hins vegar hafi komið í ljós að engin merki séu um það meðfram bökkum Markarfljóts að núverandi leiðigarður hafi haft áhrif upp með farvegi fljótsins. Fram kemur að Markarfljót renni upp að leiðigarðinum sem myndi þannig fyrirstöðu sem

kynni að hafa einhver áhrif upp með farvegi fljótsins. Hins vegar beri að líta á að á hverju stórstreymi nái sjávarföll upp fyrir efri enda þessa leiðigarðs og fyrirstaða af flóðborði á stórstreymi mun meiri en fyrirstaða leiðigarðsins. Því sé ólíklegt að neikvæð áhrif verði upp með farveginum við lengingu garðsins um 250 m. Vegagerðin muni hafa eftirlit með Markarfljóti og fylgjast með því hvort ós fljótsins leiti lengra í austur en ætlað sé. Hins vegar sé rétt að hafa í huga að ós fljótsins hafi flæmst um svæðið allt frá Landeyjahöfn í vestri og a.m.k. 6 km til austurs. Eins og aðrar jökulár hlaði Markarfljót framburði undir sig með þeim afleiðingum að árfarvegurinn hækki uns það finni sér nýjar leiðir.

Fram kemur að niðurstöður fiskrannsóknna Veiðimálastofnunar bendi til þess að laxfiskaseiði þrífist vel í Markarfljóti og þéttleiki seiða sé allnokkur. Í umsögn Veiðimálastofnunar, sem Vegagerðin hafi óskað eftir í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir, komi fram að malareyrar Markarfljóts séu víðáttumiklar og hvarvetna séu skilyrði fyrir hrygningu og uppeldi, en líklegt sé að vatnshiti og jökullitað árvatn hamli fiskframleiðslu að einhverju leyti. Þá er bent á að sennilega gæti seltuáhrifa á stærstum hluta framkvæmdasvæðisins sem rýri gildi þess til uppeldis smáseiða. Búast megi við að seltuáhrifa gæti að minnsta kosti upp í meðalstórstraums flóðhæð, +2,5 m, sem sé vel upp fyrir efri enda leiðigarðsins sem til standi að lengja. Fram kemur að til þess að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar á lífríki fljótsins verði þess gætt að halda vatnaveitingum og raski í lágmarki, takmarka umferð í vatnsfarvegum og nota afmörkuð vöð þegar ökutækjum verði ekið yfir ána. Framkvæmdatími verði utan þess tíma sem laxfiskar séu á ferð milli sjávar og ferskvatns, þ.e. frá apríl fram í lok október. Bráðabirgðagæturinn verði látinn standa þannig að fljótið vinni á honum smám saman sem sé líklega best fyrir lífríkið, að áliti Veiðimálastofnunar.

#### ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Rangárþings eystra, Fiskistofu og Landgræðslu ríkisins það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki kemur fram afstaða til matskyldu í umsögn Orkustofnunar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði færsla óssins til austurs en áhrifa þeirra muni einungis gæta neðst í farvegi Markarfljóts. Stofnunin telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Landgræðslan bendir á í umsögn sinni að ef fyrirhuguð framkvæmd og tilfærsla óssins geri það að verkum að nýtt land myndist vestan óssins kunni að vera nauðsynlegt að græða það upp til að hindra áfok á uppgreitt land á Landeyjasandi.

Vegagerðin svarar því til að til skamms tíma litið geti lenging leiðigarðsins leitt til aukinnar landmyndunar vestan óss en með tímanum komi til með að ganga á þessa landmyndun. Stofnunin muni fylgjast með mögulegri landmyndun og þörf á uppgræðslu enda sé það í þágu þeirrar starfsemi sem Vegagerðin sinni með umræddri framkvæmd.

Fiskistofa bendir á í umsögn sinni að í greinargerð Veiðimálastofnunar, sem er fylgiskjal með tilkynningu Vegagerðarinnar, sé ekki talið líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni spilla hrygningarstöðum eða hafa varanleg áhrif á seiðabúskap laxfiska í Markarfljóti eða hliðarám þess.

#### NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lengingu á núverandi leiðigarði vestan við ós Markarfljóts um 250 m til austurs sem gerir það að verkum að ósinn mun hliðrast um 300 m til sömu áttar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að miðað við fyrirbyggjandi gögn Vegagerðarinnar og umsagnir sé ljóst að megináhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum verði færsla óss Markarfljóts til austurs, en að hvorki sé líklegt að um verði að ræða neikvæð áhrif vegna landbrots upp með farvegi fljótsins eða að ósinn muni færast lengra í austur en ætlað er með tilkomu garðsins. Samkvæmt framlögðum gögnum er hins vegar ljóst að ós Markarfljóts hefur færst úr stað allt frá Landeyjahöfn í vestri og a.m.k. 6 km til austurs á sl. 60 árum af náttúrulegum orsökum og því ekki hægt að segja fyrir með mikilli vissu hvernig hann muni þróast til framtíðar. Mikilvægt er hins vegar að hafa sem besta þekkingu á því hvernig mannvirki breyta farvegi fljótsins samhliða náttúrulegum breytingum, sem fæst með því að hafa reglubundið eftirlit með Markarfljóti eins og Vegagerðin fyrirhugar og bregðast við ef ske kynni að fljótið brjóti sér leið austar en gert er ráð fyrir.

Skipulagsstofnun telur að ekki verði um að varanleg áhrif á á hrygningastaði eða seiðabúskap laxfiska í Markarfljóti að ræða. Búast megi við nokkrum neikvæðum áhrifum á lífríki á framkvæmdatíma en með því að halda vatnaveitingum og raski í lágmarki, takmarka umferð í vatnsfarvegum og nota afmörkuð vöð þegar ökutækjum er ekið yfir ána, auk þess sem að framkvæmdatími verði ekki frá apríl fram í lok október, megi lágmarka þessi áhrif.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á leiðigarði við Markarfljót í Rangárþingi eystra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings eystra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Þá er framkvæmdin einnig háð leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. mars 2014.

# Skipulagsstofnun

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson